

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 483

12. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi – Lækjargata – Hamar, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 29. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi, Lækjargata – Hamar sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 30. september 1986. Breytingin felst í að áform um vistgötu eru felld niður og gert ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsum við Lækjargötuna svo og bílastæðaplani fyrir íbúa á svæðinu, þar sem ekki verða leyfð bílastæði meðfram Lækjargötunni.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 484

12. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi – athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 29. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla sem öðlaðist gildi 31. ágúst 1998. Breytingin felst í breyttu fyrirkomulagi lóða og fjölgun hesthúsa.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.